

„Ég veit ég er ógeð“¹

Listrænt og menningarlegt gildi Hvalsins
og samfélagsleg áhrif á umfjöllun um feita líkama

Inngangur

Árið 2023 hlaut kvikmyndin *Hvalurinn* (e. *The Whale*)² í leikstjórn Darrens Aronofsky Óskarsverðlaun fyrir besta leikara í aðalhlutverki sem og bestu förðun og hárgreiðslu.³ Frá því að fyrstu stiklur úr kvikmyndinni birtust vakti búningur aðalleikara hennar, Brendan Fraser, gífurlega athygli. Í *Hvalnum* bregður Fraser sér í hlutverk Charlie, 272 kílóa þungs dauðvona enskukennara, sem fer aldrei út úr húsi. Fitubúningurinn sem umbreytti Fraser í aðalpersónu verksins hlaut fjölda verðlauna,⁴ og var raunsæi hans víða lofað, rétt eins og leiksigur Frasers.⁵ *Hvalurinn* hlaut þó einnig harða gagnrýni fyrir þá mynd sem verkið dregur upp af feitum einstaklingum og hversu lítað það er af staðalmyndum og fordómum. Þá eru aðstandendur verksins ekki feitir⁶ og feitum leikurum fannst jaðarsettum

¹ Samuel D. Hunter, *The Whale/A Bright New Boise*, New York: Theatre Communications Group, 2014, bls. 25.

² Darren Aronofsky, *The Whale*, USA: A24, 2022.

³ Hár og förðun: Adrien Morot, Judy Chin og Annemarie Bradley, *The Whale*, 2022.

⁴ Internet Movie Database hefur tekið saman lista yfir verðlaun sem *The Whale* hefur hlotið og fengið tilnefningar fyrir. Sem stendur vann hún 45 verðlaun og var tilnefnd til 115. Sjá „The Whale. Awards“, *IMDB.com*, sótt 14. febrúar 2023 af https://m.imdb.com/title/tt13833688/awards/?ref_=tt_awd.

⁵ Brent Lang, „Fraser’s Triumphant Comeback. How Playing a 600-Pound Gay Man in ‘The Whale’ Resurrected His Career“, *Variety.com*, 12. október 2022, sótt 2. mars 2024 af <https://variety.com/2022/film/features/brendan-fraser-the-whale-career-1235399057/>.

⁶ A. Martínez, „The Whale garners controversy for not casting an actor with obesity as the lead“, *Npr*, 9. desember 2022, sótt 2. mars 2024 af <https://www.npr.org/2022/12/09/1141820393/the-whale-garners-controversy-for-not-casting-an-obese-actor-in-lead-role>.



hópi feitra með því ekki veitt tækifæri til að ljá verkinu aukinn trúverðugleika með þátttöku þeirra í uppsetningu myndarinnar.⁷

Áhugavert er að skoða birtingarmynd Charlies, sem er samkynhneigður, hvítur, sískynja karlmaður, með hliðsjón af kenningum um samfélagsleg áhrif þess að vera feitur, og þá sérstaklega mjög feitur (e. *infinifat*),⁸ samtíðinn munabreyta og hvernig samfélagslegar staðalmyndir um feita birtast í myndinni og hvort þeim sé viðhaldið eða reynt sé að sporna við þeim. Þá er vert að spyrja hvort hver sem er megi segja hvaða sögu sem er, og hvert listrænt og menningarlegt gildi *Hvalsins* sé í raun.

1. Söguþráður, aðlögun og umönnun

Kvikmyndin *Hvalurinn* er byggð á samnefndu leikriti Samuel D. Hunter. Höfundur segir verkið hafa skapast út frá hugrenningum hans um kennarastarfið, en hann vann sjálfur sem kennari. Hann gerði Charlie mjög feitan seinna í ferlinu til að „auka fjarlægð“ persónunnar við nemendur sína.⁹ Charlie fer aldrei út af heimili sínu og forðast samfélagið til að geta falið líkama sinn og kvikmyndin gerist að nær öllu leyti í stofunni heima hjá Charlie. Heimili hans er óhreint, umbúðir af skyndibita þekja gólf og borð, sem og sælgæti og gos. Hann eyðir hvað mestum tíma í sófanum, sem er gamall og sjúkskaður. Hann kennir fjarnám-skeið og er alltaf með slökkt á myndavélinni, svo nemendur hans sjá hann aldrei. Þegar hann pantar mat lætur hann skilja hann eftir utan við hús sitt til að forðast að horfast í augu við fólk. Eina manneskjan sem heimsækir hann reglulega er vinkona hans, Liz, sem sér einnig um umönnun hans.

⁷ Bernardo Sim, „Guy Branum Calls Out *The Whale's* Problematic Source Material and Casting“, *PRIDE*, 30. september 2022, sótt 14. febrúar 2023 af <https://www.pride.com/gay-movies/guy-branum-criticism-the-whale-casting-brendan-fraser>.

⁸ Á ensku er stuðst við skilgreiningar um hversu feitir einstaklingar eru út frá fatastærðum, í þeim tilgangi að auðvelda aðgerðasínum að fjalla um málefni feitra, en mikill munur er á félagslegri upplifun þeirra sem eru svolítið feitir og þeirra sem eru mjög feitir. Feitir aktivistar hafa afneitað orðum sem sjúkdómsgera fitu, eins og orðinu *obese* (í. offita), sem kemur úr grísku og þýðir „að hafa borðað sig feitan.“ Aktivistar flokka feita eftir bandarískum stærðum sem mid-size (stærðir 12-14), small fat (stærðir 14-18), mid fat (stærðir 20-24), large fat (stærðir 26-32), superfat/infinifat (stærðir 34 og upp úr). Þessi flokkun hefur ekki verið skilgreind nákvæmlega á íslensku, en þar sem orðið offita er merkingarhlaðið í íslenskri tungu og dægurmenningu, rétt eins og enska fyrirmyndin, verður það ekki notað í þessari grein heldur stuðst við orðið feitur sem lýsandi og hlutlaust orð.

⁹ Alissa Wilkinson, „The Whale screenwriter on writing about religious fundamentalism, bodies, and hope. Samuel D. Hunter goes deeper with his vulnerable, personal play“, *Vox.com*, 9. desember 2022, sótt 14. apríl 2023 af <https://www.vox.com/culture/23498429/whale-interview-samuel-hunter-writer-christian-oscar-winner-brendan-fraser>.

Það sem hrindir atburðarás myndarinnar af stað er að Charlie hefur samband við unglingsdóttur sína, Ellie, sem hann hefur ekki séð síðan hún var barnung, en hann vill bæði arfleiða hana sem og gera lokatilraun til að kynnast henni áður en hann deyr. Áhorfendum er sýnt að Charlie er við bága heilsu, hann er með of háan blóðþrýsting og er andstuttur og fyrir vikið eru bæði hann og Liz viss um að hann sé dauðvona. Ellie kemur og þiggur peninga og hjálp við verkefnaskrif fyrir skólann. Hún hefur óbeitt á föður sínum vegna þess að hann yfirgaf móður hennar og hana sjálfa til þess að hefja nýtt líf með Alan, kærasta sem var áður nemandi hans. Trúboðinn Tómas bankar svo upp á fyrir hönd sértrúarsafnaðarins New Life og reynir að bjarga sál Charlies frá glötun. Tómas veit ekki að Alan féll fyrir eigin hendi sökum boðskaps safnaðarins sem Tómas tilheyrir, um að samkynhneigð sé synd, og að faðir Alans sé leiðtogi hans. Í ljós kemur einnig að Liz er systir Alans, og er auk þess að syrgja bróður sinn. Í texta verksins er ekki nefnt af hvaða kynþætti Liz er en hún hefur þó alltaf verið leikin af hvítu leikkonu á sviði. Í kvikmyndinni er hún aftur á móti leikin af hinna asísk-amerísku Hong Chau og bætt er við sögunum að Liz hafi verið ættleidd af leiðtoga New Life sem barn. Önnur hlutverk í myndinni eru leikin af hvítum leikurum, að undanskildum pizzusendlinum Dan, sem er einnig í þjónustuhlutverki og sést aðeins einu sinni. Gera má athugasemd við að persónan sem er í umönnunarhlutverki sé leikin af asískri konu¹⁰ og þess utan skort á inngildingu fólks sem tilheyrir jaðarhópum.

Eftir missinn hefur Charlie hætt að sinna sjálfum sér og hefur misst niður ýmsa færni. Hann getur ekki gengið án göngugrindar og fær síðar hjólastól til að auka hreyfanleika sinn. Ellie reynir að fá hann til að ganga til sín óstuddan og lítur á það sem sönnun á gagnsleysi hans þegar hann getur það ekki. Samband þeirra styrkist þó eftir því sem líður á myndina og Charlie telur sig fá sönnun á því að dóttir hans sé góð manneskja þegar hún hjálpar trúboðanum áttavillta að komast heim. Í lok myndar stendur Charlie upp og gengur óstuddur yfir gólfíð til dóttur sinnar, og deyr við áreynsluna. Hann deyr þó ánægður því hann hefur fullvissað sig um að dóttir hans sé ærleg, og að hún viti að hann elskar hana. Elskhugarnir Charlie og Alan eru einu persónur verksins sem deyja og er með því dregin upp sú gamla staðalmynd að örlög hinsegin fólks séu harmræn og að þeirra bíði ótímabær dauði. Þessi tilhneiging höfundar kallast „bury your gays“,¹¹

¹⁰ Staðalmyndir um austurasískar konur eru oft þær að þær séu í þjónustuhlutverki við hvíta karlmenn.

¹¹ May Rude, „15 Recent, Especially Brutal, Examples of the Bury Your Gays Trope“, *Out.com*, 19. september 2022, sótt 24. apríl 2023 af <https://www.out.com/television/2022/9/19/most-brutal-examples-of-bury-your-gays-trope-in-television-mo->

og vísar í yfirgnæfandi líkur á að hinsegin persónur í kvikmyndum og sjónvarpi deyi á tragískan hátt.¹²

Myndin fylgir grunntextanum en helstu breytingarnar snúa að lýsingunum á trúarsöfnuðinum sem útilokar samkynhneigða. Í kvikmyndinni er söfnuðinum breytt úr Kirkju Jesú Krists hinna síðari daga heilögu (e. *The Church of Jesus Christ of Latter Day Saints* eða *LDS*)¹³ í uppdiktaðan evangelískan dómsdagssértrúarsöfnuðinn „New Life“. Þá hafa liðið 15 ár frá því að Charlie sá Ellie síðast í leikritinu, en hann fór frá henni þegar hún var tveggja ára. Í myndinni hafa hins vegar einungis liðið átta ár frá því þau sáust og þar kemur einnig fram að Ellie var orðin átta ára þegar foreldrar hennar skildu.

2. *Fitugervi*

2.1 Fitugervi og feitir leikarar

Sögulega hefur verið litið niður á feita líkama í kvikmyndum, þeir hafa verið aðhlátursefni og sýndir sem óeftirsóknarverðir og óaðlaðandi.¹⁴ Fitubúningar¹⁵ ruddu sér til rúms á 10. áratug síðustu aldar og er gervið gjarnan nýtt til að vekja upp ógeð, hlátur eða vorkunn. Áður en *Hvalurinn* kom á skjáinn töldu margir að fitubúningar hefðu að mestu leyti fallið í ónáð í Hollywood, eftir að hafa notið mikilla vinsælda.¹⁶

Þegar grínmyndin *Grunnhyggni Hal* (e. *Shallow Hal*) kom út árið 2001 hlaut hún strax gagnrýni fyrir þá neikvæðu mynd sem hún birti af feitu fólki, en í henni fer granna leikkonan Gwyneth Paltrow í fitugervi og myndin gengur út á grín á kostnað Rosemary, persónu Paltrow. Í *Klikkaða prófessorum* (e. *The*

vies#toggle-gdpr.

¹² Riese, „All 230 Dead Lesbian and Bisexual Characters On TV, And How They Died“, *Autostraddle.com*, 27. febrúar 2023, sótt 19. maí 2023 af <https://www.autostraddle.com/all-65-dead-lesbian-and-bisexual-characters-on-tv-and-how-they-died-312315>.

¹³ Fólk utan safnaðarins kallar LDS meðlimi mormóna í daglegu tali, en þeir eru sjálfir mótfallnir þeirri nafngift og mun ég af virðingu fyrir rétti þeirra til að nefna sig sjálfir kalla söfnuðinn LDS.

¹⁴ Aubrey Gordon, *What We Don't Talk About When We Talk About Fat*, Boston: Beacon Press, 2020, inngangur.

¹⁵ Fitubúningur er gervi þar sem grónn manneskja klæðist fatnaði eða búningi sem gerir hana að feitri manneskju um stund.

¹⁶ Í þessu samhengi má minnst fitubúninga í verkum eins og *Klikkaða prófessorum* (e. *The Nutty Professor*) frá 1996, *Grunnhyggni Hal* (e. *Shallow Hal*) frá 2001, *Vinum* (e. *Friends*) frá 1994–2004, *Bridget Jones. Á barmi taugaáfalls* (e. *Bridget Jones. The Edge of Reason*) frá 2001, *Hótel mamma* (e. *Big Momma's House*), *Draumadisirnir* (e. *America's Sweethearts*) frá 2001, *Klíkk* (e. *Click*) frá 2004, *Hársprey* (e. *Hairspray*) frá 2007, *Austin Powers* myndunum þremur, frá 1997, 1999 og 2002 og *Frumskógarfári* (e. *Tropic Thunder*) frá 2008.

Nutty Professor) frá árinu 1996 bregður hinn granni Eddie Murphy sér í hlutverk Klump fjölskyldunnar og klæðist fitugervi. Fjölskyldan er gráðug og heimsk og er sýnd troða í sig mat.⁹ Aðalpersónan, Sherman Klump, lendir í ótal niðrandi uppákomum sökum líkama síns. Þrátt fyrir að vera prófessor í erfðafræði er Sherman aðhláturfefni og líf hans álitid aumkunarvert sökum vaxtarlags hans. Hann hangir heima og grætur og borðar til að fylla tómarúm í lífi sínu.¹⁷ Boðskapur þessarar myndar á líka að vera sá að fegurðin komi að innan en eftir tæplega tveggja tíma sýningu þar sem feitt fólk er haft að háði og spotti má velta fyrir sér hvort boðskapurinn felist frekar í því að feitt fólk sé aðhláturfefni?

Í kvikmyndinni *Hvað angrar Gilbert Grape* (e. *What's Eating Gilbert Grape*) frá 1993 leikur Darlene Cates mjög feita einstæða móður sem fer ekki út úr húsi og leggur ábyrgð heimilisins á herðar eldri sonar síns, Gilberts. Þrátt fyrir að ekki hafi þurft að hanna gervi utan um Cates sjálfa fyrir hlutverkið býður kvikmyndin ekki upp á jákvæða birtingarmynd af feitum líkama frekar en *Hvalurinn*. Líkami Cates er gerður harmrænn og óeftirsóknarverður. Gilbert líkir móður sinni sjálfur við landrekinn hval og afmennskar hana þannig.¹⁸ Forsaga mömmunnar er sú að hún hafi borðað sig mjög feita eftir að barnsfaðir hennar fór frá henni. Niðrandi meðferðin nær hámarki eftir andlát hennar þegar lyfta þarf líki hennar út úr húsinu með krana þar sem það kemst ekki út um dyrnar. Þrátt fyrir að ýmislegt megi gagnrýna við birtingarmyndir jaðarsettra líkama í kvikmyndinni sýnir ráðning Cates að feitur leikari getur vel valdið stóru hlutverki.

Margt hefur breyst í orðræðu og birtingarmyndum feitra á síðustu 30 árum. Aðgerðarsinnar hafa komið á framfæri hugmyndum um að sýna ætti feitum líkömum virðingu og þó boðskapurinn sé umdeildur eru stöðugt fleiri sem velta fyrir sér áhrifum neikvæðra birtingamyndra feitra. Fitugervin heyra þó ekki sögunni til. Renée Zellwager notaði fitubúning¹⁹ í *Málið með Pam* (e. *The Thing About Pam*), frá árinu 2021 og Tom Hanks, Colin Farrell, Emma Thompson, Sarah Paulson, Jim Carrey og Jared Leto²⁰ klæddust öll fitugervi fyrir hlutverk

¹⁷ Lynn Smith, „Not Everyone is Laughing“, *Chicago Tribune*, 22. nóvember 2001, sótt 4. september 2023 af <https://www.chicagotribune.com/news/ct-xpm-2001-11-22-0111220025-story.html>.

¹⁸ Hallur Helgason, „Feitar konur“, *Pressan*, 1994, sótt 10. september 2023 af <https://timarit.is/page/3540654#page/n18/mode/2up>.

¹⁹ Leikonan fitnaði fyrir *Bridget Jones's Diary*, notaði fitubúning í *Bridget Jones. The Edge of Reason* og var grónn í *Bridget Jones's Baby*.

²⁰ Christopher Rosa, „Sarah Paulson Responds to Backlash for Wearing a Fat Suit in American Crime Story“, *Glamour.com*, 30. ágúst 2021, sótt 4. mars 2023 af <https://www.glamour.com/story/sarah-paulson-responds-to-backlash-for-wearing-a-fat-suit-in-american-crime-story/>.

á síðustu árum.²¹ Í þessum nýrri myndum voru gervin réttlætt með því að þau hafi verið notuð til að líkja eftir raunverulegu fólki en ekki til að gera feita að hlátursefni. Aðstandendur þessara kvikmynda og annarra hafa, líkt og framleiðendur *Hoalsins*, verið gagnrýndir fyrir að sneiða hjá feitum leikurum sem gætu leikið þessi sögulegu hlutverk.²² Nýlegt dæmi um feitan leikara sem ráðinn var til þess að leika feita persónu má finna í sjónvarpsþættinum *This is Us*, þar sem feita leikkonan Chrissy Metz leikur Kate. Þrátt fyrir að Kate sé ein aðalpersóna þáttanna snýst frásögnin af henni einkum um líkama hennar og stærð hans. Persónan fer í megrun í þáttunum og því þurfti Metz að samþykkja að grennast meðan á tókum stóð.²³

Það eitt að ráða feitan leikara til að leika niðrandi hlutverk leysir þó ekki margþættan samfélagslegan vanda þegar kemur að birtingarmyndum feitra, því ef betri hlutverk standa þeim ekki til boða er björninn langt frá því að vera unninn. Það hefur ekki reynst nóg fyrir feita einstaklinga að biðja um mildi, það er að þeim séu sýnd grundvallarmannréttindi.²⁴ Rannsókn sem gerð var á grönnum konum í Bandaríkjunum sýndi að þær trúðu því langflestar að lítilsvirðing gagnvart feitu fólki hvetti það til að léttast.²⁵ Árið 2012 skrifar lífeindafræðingurinn Daniel Callahan að meiri fordómar gegn feitu myndu verða til gagns í baráttunni gegn offitufaraldrinum.²⁶ Hann skrifar: „Fólk áttar sig ekki á því að það er með offitu og ef það áttar sig á því er það ekki nóg til að það geri eitthvað í því.“²⁷ Blaðamaðurinn Michael Hobbes skrifar gegn orðum Callahans og nefnir að margir hafi bent á rangfærslur í skrifum hans. Hobbes segir enn fremur að það sé vel þekkt að þegar fitusmánun beinist gegn mjög feitu einstaklingum hvetji hún þá ekki til að grennast heldur auki líkur á að þeir verði áfram þungir en líði illa með sjálfa sig.²⁸ Fitusmánun er ekki á undanhaldi eins

²¹ Myndirnar sem þessi fitugervi birtast í eru *Elvis*, *Matilda*, *House of Gucci*, *The Batman* og sjónvarpsþættur *American Crime Story: Impeachment*.

²² Christopher Rosa, „Sarah Paulson Responds to Backlash for Wearing a Fat Suit in *American Crime Story*“.

²³ Chelsea Stone, „‘This Is Us’ Star Chrissy Metz Revealed Her Contract Includes Mandated Weight Loss“, *self.com*, 18. nóvember 2016, sótt 19. apríl 2023 af <https://www.self.com/story/this-is-us-star-chrissy-metz-revealed-her-contract-includes-mandated-weight-loss>.

²⁴ Aubrey Gordon, *What We Don't Talk About When We Talk About Fat*, bls. 46.

²⁵ Sama rit, bls. 47.

²⁶ Daniel Callahan, „Obesity. Chasing an Elusive Epidemic“, *The Hasting Center Report* 43:1/2013, bls 34–40.

²⁷ Sama rit.

²⁸ Michael Hobbes, „Everything You Know About Obesity is Wrong“, *huffingtonpost.com*, 19. september 2018, sótt 2. júlí 2023 af <https://highline.huffingtonpost.com/articles/en/everything-you-know-about-obesity-is-wrong>.

og eðlislega hlutdræg (e. *implicit bias*) próf frá Harvard vitna um.²⁹ Niðurstöður þeirra byggja á svörum milljóna þátttakenda en 80% þeirra voru með fordóma gegn feitum sem sýnir vel að fitufordómar eru í áberandi uppsveiflu.³⁰

2. 2 Fitugervi *Hvalsins*

Aðstandendur *Hvalsins* hafa í viðtölum sýnt að þeir eru mjög stoltir af fitubúningum sem þeir létu hanna fyrir myndina. Aronofsky segir:

[Þ]að sem við lögðum á okkur til að ná fram raunsæi í förðun hefur aldrei verið gert áður, eitt af fyrstu símtölunum sem ég hringdi eftir að ég réði Brendan var í förðunarfræðinginn Adrien Morot og ég spurði hann, getum við gert eitthvað raunverulegt? Því ef þetta lítur út eins og brandari þá ættum við að sleppa þessu.³¹

Leikstjórinn dregur hér mörk við að gera grín að feitum. Í ljósi þess að hann er að gera dramamynd um alvarleg málefni virðist hann ekki telja sig þurfa að íhuga hvort sýn hans, granns manns, á feita persónu sem er skrifuð, leikin og leikstýrt af grönnum mönnum, muni ýta undir neikvæðar staðalmyndir um feita, hvort sem aðstandendur myndarinnar meina vel eða ekki.³² Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem ráðandi hópar hafa verið sakaðir um fordómafulla hegðun, sem þeir afsaka síðan á þann veg að ásetningurinn sé góður og það dugi til að skaðsemin sé útmáð.³³ Þá má velta upp spurningunni hvort rök Aronofsky hefðu verið hin sömu ef um væri að ræða gervi kynþáttar fremur en fitugervi.³⁴

²⁹ Tessa Charlsworth og Mahzarin Banaji, „Research. How Americans’ Biases Are Changing (or Not) Over Time“, *hbr.org*, 2. ágúst 2019, sótt 4. mars 2023 af <https://hbr.org/2019/08/research-on-many-issues-americans-biases-are-decreasing>.

³⁰ Aubrey Gordon, *What We Don’t Talk About When We Talk About Fat*, bls. 49.

³¹ Louis Chilton, „The Whale Director Darren Aronofsky says fat phobia criticism makes no sense“, *theguardian.com*, 13. desember 2022, sótt 4. maí 2023 af <https://www.independent.co.uk/arts-entertainment/films/news/the-whale-brendan-fraser-fat-suit-darren-aronofsky-b2244057.html>.

³² Phoebe-Jane Boyd, „We’re meant to find Brendan Fraser in a fat suit tragic, not funny. Is that really progress?“, *theguardian.com*, 25. janúar 2023, sótt 10. maí 2023 af <https://www.theguardian.com/commentisfree/2023/jan/25/brendan-fraser-fat-suit-the-whale-tragic-funny>.

³³ Sama rit, bls. 21.

³⁴ Í þessu samhengi má minnst nýlegs dæmi úr íslensku samfélagi um gagnrýni á nýtingu gervis kynþáttar í óperunni *Madama Butterfly*, þar sem aðstandendur óperunnar voru sáttir við að nota gervi asisks fólks en mættu þó víða gagnrýni. „Íslenska óperan sökuð um „yellow face““, *mbl.is*, 9. mars 2023, sótt 21. apríl 2023 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/03/09/islenska_operan_sokud_um_yellow_face/.

Þrátt fyrir að aðalleikari *Hvalsins* sé ekki mjög grannur á Hollywood mælikvarða³⁵ er hann langt frá þyngd og veruleika Charlies, sem verður fyrir mikilli jaðarsetningu.³⁶ Í bókinni Þyngdarlaus (e. *Weightless*) bendir rithöfundurinn Evette Dionne á að „minna feitt fólk“ (e. *small fat*) sé oftast en ekki gert að fulltrúum allra feitra einstaklinga án þess að hugsað sé út í auka jaðarsetninguna sem fylgir því að vera í mjög feitum líkama (e. *infimifat*).³⁷ Það er því vel hugsanlegt að Fraser geti að einhverju leyti tengt við upplifun Charlies, til að mynda að líða ekki vel í eigin skinni, en ólíklegt er að hann skilji til fulls þær félagslegu afleiðingar og útskýfun sem fylgja mjög mikilli fitu.

Aronofsky hefur sagt að gagnrýni á kvikmyndina hafi komið honum í opna skjöldu þar sem „fáránlegt“ sé að setja út á fitugervi.³⁸ Máli sínu til stuðnings hefur hann haldið því fram að fólk hafi „alltaf notað förðun“³⁹ og nefnt að það að útbúa og nota fitugervi sé ópólítískt og ekki litað af bakgrunni þeirra sem gera gervið. Ef ekki er kafað dýpra í menningarleg áhrif fitugervis og hvernig það er búið til geta skoðanir eins og Aronofsky hefur hljómað sannfærandi. Sú ákvörðun að nota fitugervi er þó ekki tekin í tómarúmi og hún hefur afleiðingar. Gervið mótast af þeim ákvörðunum sem eiga sér stað í sköpunarferli feita líkamans sem persónan á að klæðast. Þær eru ekki hlutlausar heldur byggjast þær á fyrirframgefnum hugmyndum um fitu. Listamaðurinn sem býr til gervið og leikstjórinn sjá fyrir sér hvernig manneskja sem lifir lífi, eins og persónan Charlie, lítur út og búa hana til. Búningurinn sem Fraser klæðist í *Hvalnum* er vissulega raunverulegri en fitugervi fyrri tíma, en þó má velta fyrir sér hvort gæði búningsins skipti máli þegar áhorfandi veit að þetta er manngerður og hannaður búningur? Að búa til feitan líkama og ákveða að ástæða fitunnar sé tilfinningalegt ofát er að búa til líkama sem passar inn í ríkjandi heimsmynd. Niðurstaðan er því sú hin

³⁵ Emily Rose Bowler, „Deciphering Hollywood’s Mixed Messaging. Body Positivity and Impossible Beauty Standards“, *evemagazine.com*, 8. maí 2023, sótt 23 október 2023 af <https://www.evemagazine.com/post/deciphering-hollywoods-mixed-messaging-body-positivity-impossible-beauty-standards>.

³⁶ Carmen Maria Machado, „When Whales Fly“, *substack.com*, 14. mars 2023, sótt 9. ágúst 2023 af <https://carmenmariamachado.substack.com/p/when-whales-fly>.

³⁷ Evette Dionne, *Weightless. Making Space for my Resilient Body and Soul*, USA: Harper Audio, 2022, bls. 46.

³⁸ Louis Chilton, „The Whale Director Darren Aronofsky says Fat Phobia Criticism Makes No Sense“, *theguardian.com*, 13. desember 2022, sótt 4. maí 2023 af <https://www.independent.co.uk/arts-entertainment/films/news/the-whale-brendan-fraser-fat-suit-darren-aronofsky-b2244057.html>.

³⁹ Abby White, „Criticism on Fat Suit“, *hollywoodreporter.com*, 12. desember 2022, sótt 3. ágúst 2023 af <https://www.hollywoodreporter.com/movies/movie-news/darren-aronofsky-the-whale-fat-suit-criticism-1235280523/>.

sama og fyrr: grannur leikari fer í búning feitrar manneskju og feitur leikari er ekki ráðinn í hlutverkið. Ljóst er að Aronofsky reyndi að skapa *Hvalnum* fjarlægð frá grínmyndum sem notast við fitugervi, en hægt er að velta þeirri spurningu upp við áhorf kvikmyndarinnar hvaða boðskap hún ber með sér. Er hann sá að feitt fólk sé virðingarverðar manneskjur, eða að það taki átköst, æli yfir sig án þess að þrífa sig og deyi ef það stendur upp og gengur nokkur skref? *Hvalurinn* á vissulega að vekja upp aðrar tilfinningar en hlátur, það er ógeð og vorkunn, en þó má greina humor á kostnað feits líkama Charlies því bæði hann og Liz segja brandara um holdafar hans og skort á hreyfigetu.⁴⁰

Í leiktexta er Charlie lýst sem 272 kíló, eða 600 pund, en hvergi er tekið fram að leikarinn þurfi að vera feitur eða að klæðast gervi⁴¹ en þó hafa einungis grannir leikarar í fitugervi brugðið sér í hlutverkið á sviði í gegnum tíðina.⁴² Sviðslýsingar snúa allar að því að auka viðbjóð áhorfandans á líkama persónunnar, en samkvæmt þeim á að vera á sviðinu sófi sem er sligaður af löngum setum hins þunga Charlie, gólf þakið rusli utan af skyndimat og sælgæti, og allt fremur ósnyrtilegt. Þannig eru dregin fram tengsl óþrifnaðar og fitu um leið og sýnt er hvernig fita persónunnar er bæði skitug og óheilbrigð. Rithöfundurinn Roxane Gay hefur skrifað um hver megi segja hvaða sögu:⁴³

Sköpunargáfan krefst þess að hver sem er ætti að mega segja hvaða sögur sem þeir vilja, en hvernig þessar sögur eru sagðar skiptir máli, og frelsi til sköpunar veitir ekki vernd gegn gagnrýni. Fullkomnun er ekki markmiðið, en nákvæmni og sanngildi eru það. Þegar fólk segir sögur út fyrir eigin reynsluheim er allt of algengt að það geri það illa. Birtingarmyndir persónanna verða skrípamyndir fullar af staðalmyndum, flatar og brenglaðar. Þegar fólkið sem sér sjálft sig og samfélög sín lýst á þennan ranga og oft niðrandi hátt mótmælir, er sjaldan hlustað á það.⁴⁴

⁴⁰ Samuel D. Hunter, *The Whale/A Bright New Boise*, fyrsti þáttur.

⁴¹ Sama rit, sviðslýsing, fremst í bók.

⁴² Sama rit, listi yfir uppsettar sýningar er fremst í prentútgáfu verksins frá 2014.

⁴³ Jane Coaston, „Who can Write About What? A Conversation With Roxane Gay and Jay Caspian Kang“, *nytimes.com*, 15. júní 2022, sótt 11. mars 2023 af <https://www.nytimes.com/2022/06/15/opinion/who-can-write-about-what.html>.

⁴⁴ Roxane Gay, „White Fever Dreams. The Distortions of Black and Brown Lives in the White Imagination“, *gaymag.com*, 31. janúar 2020, sótt 22. apríl 2023 af <https://gay.medium.com/white-fever-dreams-a5623c5ada0e>.

Gay bendir á að fólk gagnrýnir slæmar birtingarmyndir minnihlutahópa í verkum eftir aðila sem tilheyra valdahópi ef verkið er lélegt og lýsingarnar á persónum sem tilheyra minnihlutahópum eru arfavitlausar og byggðar á flötum staðalmyndum. Ef textinn sýnir margbreytileika persóna eru minni líkur á að fólk reiðist verkinu, sama hver höfundurinn er og hans eigin reynsla.

3. Samfélag og viðtökur feitra líkama

3.1 Staðfestingarhlutdrægni

Á tímabilinu 2000 til 2016 var ríkjandi orðræða á Vesturlöndum um feitt fólk og fitu nær eingöngu neikvæð. Bandaríkin lýstu stríði á hendur offitu⁴⁵ og eitt vinsælasta sjónvarpsefnið þar var feitt fólk í megrun. Þá voru frægustu stjórnurnar mjög grannar og megrunarfyrirtæki höluðu inn milljarða.⁴⁶ Árið 2012 hóf þátturinn *Líf mitt við þrjúhundruð kíló* (e. *My 600 lb Life*) göngu sína í Bandaríkjunum, en í honum er fylgst með mjög feitu fólki fara í magaminnkun og stífa megrun. Þátturinn telur nú 11 seríur og skilar góðu áhorfi og tekjum í Bandaríkjunum.⁴⁷ Hann hefur verið gagnrýndur fyrir afmennskun á fólkinu sem tók þátt í seríunni og að feitu fólki sé talið trú um að það verði að grennast til að geta lifað mann-sæmandi lífi og eina leiðin til þess sé að fara í magaminnkun.⁴⁸ Til að verða þátttakendur í þættinum þarf fólk að hleypa almenningi inn í einkalíf sitt, leyfa að það séu tekin myndbönd af því nöktu, í sturtu eða á salerninu, uppi í rúmi og að borða mikinn og óhollan mat. Einnig þurfa þátttakendur að opna sig um eigin áföll án þess að vera boðin sálfræðiaðstoð til að vinna úr þeim. Allt er þetta sýnt á sjónvarpsstöðinni TLC⁴⁹ og eru þættirnir auk þess aðgengilegir á netinu. Þátttakendur *Lífs míns við þrjúhundruð kíló* eiga það sameiginlegt að tilheyra lægri stéttum⁵⁰ og hafa ekki efni á að borga sjúkrahúskostnað hjálparlaust.⁵¹ Færa má rök fyrir að það sé siðferðislega vafasamt að selja þátttakendum þá hugmynd að

⁴⁵ Virginia Sole-Smith, *Fat Talk*, bls. 245.

⁴⁶ „The Biggest Loser“, *Maintenance Phase* (hlaðvarp), 19. janúar 2021, sótt 30. apríl 2023 af <https://maintenancephase.buzzsprout.com/1411126/7353850-the-biggest-loser>.

⁴⁷ Jonathan Nowzaradan, *My 600-Pound Life*, TLC, USA, 2012.

⁴⁸ Ash Nischuk, „Our 600-lb Lives“, *thefatlip.com*, 21. mars 2020, sótt 3. maí 2023 af <http://thefatlip.com/2020/03/21/our-600-pound-lives/>.

⁴⁹ Bandaríska kapalsjónvarpsstöðin TLC eða „The Learning Channel“ var stofnuð árið 1980 og einbeitti sér að fræðandi efni. Eftir að Discovery Channel keypti stöðina fór hún að hætta með fræðandi efni og sýna frekar raunveruleikasjónvarp, sem hún gerir enn í dag. Árið 2015 var hún aðgengileg 95 milljónum bandarískra heimila.

⁵⁰ Beverly Skeggs og Helen Wood, *Reacting to Reality Television. Performance, Audience and Value*, New York: Routledge, 2012, bls. 56.

⁵¹ Evette Dionne, *Weightless*, bls. 196.

það eina sem muni halda þeim á lífi sé magaminnkunaraðgerð⁵² og í hana geti þau eingöngu komist með því að verða raunveruleikasjónvarpsviðfang.⁵³

Líf Charlies í *Hvalnum* svipar að mörgu leyti til þeirrar myndar sem dregin er upp af þátttakendum í *Líf mitt við þrjúhundruð kíló*. Charlie er í sömu þyngd og þarf að vera til að komast í þáttinn, hann á áfallasögu að baki og lifir einangruðu og innihaldslitlu lífi, þakinn rusli og vonleysi.⁵⁴ Einnig er atriði í kvikmyndinni þar sem Charlie fer í sturtu mjög svipuð senum af fólkinu í *Líf mitt við þrjúhundruð kíló* að baða sig, en þar er mikið lagt upp úr því að sýna afbrigðileika hins feita líkama á gægjulegan hátt.

Rétt eins og í raunveruleikaþættinum situr Charlie á slöppum húsgögnum og borðar skyndibita og mikið unnar matvörur sem hann fær frá ástvini sem virðist þvingaður til að bera í hann mat.⁵⁵ Í kvikmyndinni kemur fram að Charlie hafi alltaf haldið verið í þyngri kantinum en haldið fitunni í skefjum. Hann er auk þess gjarn á að segja fólki að hann hafi ekki alltaf titið svona út, og vill með því fjarlægja sjálf sitt feita líkamanum og neikvæðum staðalmyndum um fólk sem lítur út eins og hann.

Það skaðar kvikmyndina að leikstjórinn hafi kosið að draga upp grunna staðalmynd af feitum manni. Vissulega er fitan það sem skapar leikritinu og um leið kvikmyndinni efitrtekt og mikið umtal, en hún er hækja sem verkið reidir sig á til að vekja athygli. Ef Charlie væri í annars konar sjálfsvígshugleiðingum en að borða sig markvisst til dauða yfir margra ára tímabil, eins og til dæmis með ofskömmtum lyfja, gæfist ráðrúm til að beina sjónum frekar að öðrum þeimum verksins; kynhneigð, trú og fjölskylduböndum. Charlie hefði getað verið maður sem neitar að fara út úr húsi og að hugsa um sjálfan sig, án þess að fita væri hluti af sögu hans.

3.2 Einstaklingsábyrgð og samfélagskröfur

Árið 2016 urðu ákveðin kaflaskil í samfélagslegri umræðu um megranir, fitu og heilsu. Eftir aukna gagnrýni á einsleita fegurðastaðla og ofuráherslu á megranir fóru stórfyrirtæki að taka eftir því að kallað var eftir öðruvísi orðræðu og meiri

⁵² Ash Nischuk, „Our 600-lb Lives“, *thefatlip.com*, 21. mars 2020, sótt 3. maí 2023 af <http://thefatlip.com/2020/03/21/our-600-pound-lives/>.

⁵³ Evette Dionne, *Weightless*, bls. 198.

⁵⁴ Aubrey Gordon, „The Freedom and Joy of Fat Acceptance“, *self.com*, 7. febrúar 2020, sótt 30. september 2023 af <https://www.google.com/url?sa=t&rct=j&q=&esrc=-s&source=web&cd=&ved=2ahUKewiVie90sOCAXWCd8AKHd84B8UQFno-ECBgQAQ&url=https%3A%2F%2Fwww.self.com%2Fstory%2Fthe-joy-of-fat-acceptance&usq=AOvVaw0gxufDVGfMsWEJvw0y7MGY&opi=89978449>.

⁵⁵ Jonathan Nowzaradan, *My 600-Pound Life*, TLC, USA, 2012 –.

fjölbreytni í líkamsgerðum fyrirsæta.⁵⁶ Millifeitar konur fóru að sjást í auglýsingum hjá fyrirtækjum eins og Dove⁵⁷, feit módel birtust á síðum *Vogue* og fleiri útskýtarita og Nike gerði bústnar gínur til að auglýsa fatnað sinn. Menningar-nám Kim Kardashian⁵⁸ og fjölskyldu⁵⁹ gerði ávalari línur eftirsóttarverðari, og orðið „pabballíkami“ (e. *dad bod*) fór að sjást oftar í dægurmenningu.⁶⁰ Raunveruleikaþátturinn *Hver missir mest?* (e. *The Biggest Loser*), sem gengur út á mjög stífar megranir og hratt þyngdartap, var vakinn úr dvala sama ár eftir fjögurra ára pásu, en hann var tekinn úr sýningu árið 2012 sökum síhækkandi gagnrýnis-radda. Þegar hann snéri aftur á skjáinn hafði boðskapur hans verið endurskilgreindur og tekið fram að lífstílsbreytingar séu gerðar til að auka hreysti, en ekki til að grennast, þrátt fyrir að enn sé notast við BMI skalann sem mælikvarða á heilsu þátttakenda. BMI mælikvarðinn hefur mikið verið gagnrýndur í gegnum tíðina fyrir ómögulegar kröfur um holdafar og gera ekki ráð fyrir mismunandi fitu- og vöðvabyggingu og dreifingu eftir kyni, aldri og fötlun.⁶¹

Þessi sveigja í umræðunni að heilsu fremur en megrunum hefur þó ekki kollvarpað sýn samfélagsins á fegurð, heldur hefur fylgt þessum hreyfingum mikið bakslag, auk þess sem ekki allir líkamar voru innlímaðir í möguleikann á að öðlast markaðshæfa fegurð. Samkvæmt rithöfundinum De'Shaun L. Harrison, sem fjallað hefur um fitu, fegurðarforréttindi og staðalmyndir, er það að vera grannur og aðhyllast þá heimssýn að grannir líkamar séu öðrum æðri, hugmyndafræði sem leitast ekki eingöngu við að niðurlægja feita heldur að útrýma þeim. Eins bendir hán á að þó líkamsvirðingarhreyfingin (e. *body positivity*), hafi komist í meginstrauminn, þá er hún ekki lengur það sem feitu aðgerðarsinnarnir sem stofnuðu hana sáu fyrir sér. Þau feitustu eru ennþá jaðarsett og skilgreind

⁵⁶ Virginia Sole-Smith, *Fat Talk*, bls. 217.

⁵⁷ Reyndar hefur Dove verið með áherslu á jákvæða líkamsmynd frá 2004, en sú áhersla þróast í samræmi við líkamsmyndaráherslur líðandi stundar. Þá er vert að nefna að með hverju ári verða fyrirsætur Dove meira og meira fjölbreyttar, en í byrjun hreyfingarinnar voru þær í miklum meirihluta hvítar og grannar eða bústnar.

⁵⁸ Virginia Sole-Smith, *Fat Talk*, bls. 219.

⁵⁹ Vert er að nefna að líkamslögun skiptir sér ekki jafnt eftir kynþætti fremur en nokkru öðru, en þessi hugmynd um að svartar konur hafi „kvenlegar línur“ það er, stóra rassa og læri, er mjög viðtekin þrátt fyrir að vera byggð á kynþáttafordómum og öðrun.

⁶⁰ Brian Moylan, „The Dad Bod is a Sexist Atrocity“, *time.com*, 5. maí 2015, sótt 10. maí 2023 af <https://time.com/3846828/dad-bod-is-a-sexist-atrocity/>.

⁶¹ „Press release. AMA adopts new policy clarifying role of BMI as a measure in medicine“, *AMA*, 14. júní 2023, sótt 3. febrúar 2024 af <https://www.ama-assn.org/press-center/press-releases/ama-adopts-new-policy-clarifying-role-bmi-measure-medicine#:~:text=Under%20the%20newly%20adopted%20policy,of%20non%2DHispanic%20white%20populations/>.

sem hin „ljótustu.“ Þau sem eru kynþáttavædd (e. *racialized*), trans og hinsegin, fötlud og mjög feit standa enn höllum fæti innan valdakerfis fegurðar. Samþætt tenging milli kynþáttahyggju og fitufordóma, sem og kvenhaturs, fötlunarfordóma og hinseginleika gerir það að verkum að hver sú jaðarsetning sem einstaklingur býr við auk fitu eykur á fordómama gegn honum.⁶² Grannt fólk er enn efst í stigveldi valdapýramída fegurðarinnar, sem og að vera hvítur, eða sem næstur hvítleika í útliti, kvenlegur (e. *femme*) sé viðkomandi kona, ungur og með mótaðan, ófatlaðan líkama.⁶³

Líkamsvirðingarhreyfingin stuðlar þar af leiðandi ekki að frelsi mjög feitra eða vinnur á kerfisbundinn og pólitískan hátt að jafnrétti, heldur einbeitt sér að því að elska sjálfan sig.⁶⁴ Hún krefst heldur ekki samfélags sem mismunar ekki sökum fitu og hæfi, heldur að við lærum að sættast við okkur sjálf innan núverandi heims, sem er ekki skapaður fyrir feita líkama.⁶⁵ Ábyrgðin er lögð á herðar feita einstaklinga, að elska líkama sinn þrátt fyrir allt mótlætið og hatrið sem þeir mæta. Ef einstaklingi tekst ekki að elska sjálfan sig þá er það honum að kenna að hann sé óánægður með að vera feitur, ekki samfélaginu sem útskúfar honum. Á sama tíma á markmiðið alltaf að vera að grennast eða í það minnsta að „vera heilbrigður“ og það að langa að grennast og vera heilbrigður er það sem gerir feita manneskju að þeirri tegund einstaklings sem á skilið að fólk komi vel fram við hann. Hann er þá feitur einstaklingur sem vill taka þátt í útrýmingu feittra, og fjarlægir sjálf sitt sínum eigin feita líkama, sem hann telur að sé tíma- bundinn fremur en varanlegur, þar sem honum er stöðugt talin trú um að hann geti grennst ef hann sé nógu duglegur, kaupí nógu mikið eða leggi sig almennilega fram.⁶⁶

Þessi leið, að taka þátt í eigin útrýmingu, er svo ekki alltaf boðleg þeim feitustu þar sem samfélagið hefur ýtt þeim sem eru mjög feitir út úr þátttöku í samfélaginu. Fólk sem lítur út eins og Charlie, er álituð svo óheilbrigt að því sé ekki viðbjargandi og mætir oft háði og spotti, auk þess sem samfélagið er ekki hannað til að það hafi aðgengi að sjálfsögðum hlutum á borð við sæti, salerni

⁶² Angel Austin, „Catching up with Ash Nischuk – Infinitat Liberation Champion“, *NA-AFA.org*, sótt 12. mars 2023 af <https://naafa.org/community-voices/ash-nischuk>.

⁶³ Sesali Bowen, *Bad Fat Black Girl. Notes From a Trap Feminist*, USA: Amistad: An Imprint of Harper Collins, 2021, bls. 54.

⁶⁴ Da'Shaun L. Harrison, *Belly of the Beast*, USA: North Atlantic Books. Kindle Edition, 2022, loc. 309.

⁶⁵ Eða svarta og brúna líkama, hinsegin líkama, fatlaða líkama, femme, kven- og eða kynsegin og trans líkama.

⁶⁶ Da'Shaun L. Harrison, *Belly of the Beast*, loc. 309.

eða fót.⁶⁷ Það fær aðeins tækifæri til að vera þátttakendur í samfélaginu ef það hefur þegar grennst.⁶⁸ Í bæði leikritinu og myndinni fer Charlie ekki út úr húsi. Sama gildir um ófáa þátttakendur í *Líf mitt við 300 kíló*. Í fyrsta þættinum, frá 2012, fylgist áhorfandinn með Melissa fara út í búð og verða fyrir óvægum athugasemdum um sjálfa sig þar til hún fer að gráta. Hún segir við myndavélina: „Það erfiðasta við að vera á almannafæri í minni þyngd er að fólk horfir mikið á þig. Sumir með vorkunn og aðrir með fyrirlitningu.“⁶⁹ Því er engin virðing í líkamsvirðingarhreyfingunni þar sem hún er eingöngu opin fyrir líkama sem falla í það minnsta að einhverju leyti í þröngt mót fegurðar. Hún er útilokandi og þjónar þeim sem standa næst fegurðarstöðlum samfélagsins.

4. Heilsa

4.1 Fegurð er heilsa

Heilsuorðræða hefur næstum tekið yfir megrunarumræðu í meginstraumsvæðingu líkamsvirðingar. Nú er ekki lengur flott að fara í „megrun“⁷⁰ heldur á hver og einn að hugsa um „heilsuna“. Einstaklingur er hvattur til að drekka vatn, borða grænmeti og stunda jóga „fyrir heilsuna“ ekki til að grennast eða halda sér í ákveðnu formi. Þannig er ýtt undir að neytandinn veiti því ekki athygli að allt sem er fellt undir „heilsu“ sé líka grennandi.⁷¹ Þannig staðfestir hann þó að það að vera grannur sé tákni um heilbrigði á meðan það að vera feitur sé merki um heilsuskort og óheilbrigði, fátækt, að viðkomandi tilheyri neðri lögum samfélagsins og falli ekki að hvítum fegurðarstöðlum.⁷²

Viðhorf af þessu tagi verða ekki til úr engu. Þegar orðræða um líkamsmynd verður að tilraun til að frelsa fólk undan þvingandi stöðlum fegurðarkerfis sem upphafur granna líkama taka markaðsöflin og stórfyrirtækin við sér. Þau endurmarkaðssetja sömu vörurnar undir nýjum merkjum, selja áfram hugmyndina um að fólk þurfi að vera mjótt en kalla það heilbrigði.⁷³ Hæfishroki (e. *ableism*)⁷⁴ er

⁶⁷ Jonathan Nowzaradan, „Melissa’s Journey“, *My 600 lb Life*, TLC, 2012, sería 1, þáttur 1.

⁶⁸ Da’Shaun L. Harrison, *Belly of the Beast*, loc. 360.

⁶⁹ „Melissa’s Journey“, *My 600 lb Life*, sería 1, þáttur 1, 04:55.

⁷⁰ Virginia Sole-Smith skrifar, „Diet is now a dirty word,“ sem nær vel utan um heilsuhreyfinguna og það að fela megrunartal í heilsuorðræðu. Virginia Sole-Smith, *Fat Talk*, bls. 36.

⁷¹ Rina Raphael, *The Gospel of Wellness. Gym, Gurus, Goop and the False Promise of Self-Care*, USA: Henry Holt & Co, 2022.

⁷² Virginia Sole-Smith, *Fat Talk*, bls 173.

⁷³ Aubrey Gordon, „*You Just Need to Lose the Weight*“ and 19 Other Myths About Fat People, Boston: Beacon Press, 2023, bls. 201.

⁷⁴ Fiona Kumari Campbell, *Contours of Ableism*, UK: Palgrave MacMillan, 2009, bls. 5.

Það víðtækur í samfélaginu að hugmyndin um heilbrigði og að einstaklingurinn skuldi samfélaginu að vera heilsuhaustur er ríkjandi. Veik manneskja er ekki gott tannhjól í hinni kapitalísku vél, velferð hennar skiptir engu og ef hún getur ekki farið út og unnið sína 8-10 tíma á dag stelur hún frá samfélaginu. Með öðrum orðum er feitt fólk ekki eingöngu álitíð latt heldur að það sé viljandi að gera sig heilsulaust. Viðhorf af þessu tagi eru ekki ný af nálinni enda hefur fita lengi verið tengd græðgi og leti, tveimur dauðsýndum af sjö.⁷⁵

Heilbrigði er ein helsta tákmynd velgengi og velmegunar í nútímasamfélagi.⁷⁶ Charlie er dæmi um birtingarmynd hins feita einstaklings sem afætu á samfélaginu, sem sést best á þeirri hugmynd að hann sé að éta sjálfan sig í gröfina. Á meðan við köllum eftir aukinni virðingu fyrir *suma* þá gleymum við alltaf einhverjum eða lítum viljandi fram hjá þeim.⁷⁷ Heilsa er eitt af því sem við eigum hvað erfiðast með að sleppa tókunum á. Fólk sem hefur líkama eins og Charlie reynir því virkilega á fyrir fram gefnar skoðanir okkar og samfélagslegt viðhorf.⁷⁸ Það að krefja fólk um heilsu í skiptum fyrir virðingu og mannréttindi getur ekki verið eitthvað sem við sem samfélag höldum áfram að líta á sem sjálfsagðan hlut. Fegurðarstaðlarnir eru byggðir á fitufordómum, kynþáttafordómum, hinsegin útilokun, fordómum gegn afmynduðum og hæfishroka.⁷⁹ Það er hægt að hafa forréttindi en þó vera jaðarsettur á sama tíma rétt eins og Charlie sem er hvítur sír karlmaður, og þar með í forréttindastöðu, en er um leið í jaðarstöðu því hann er mjög feitur og samkynhneigður.

4.2 Heilsuhyggja og hæfishroki

Heilsuhyggja er hugmyndafræði sem leggur ofuráherslu á ábyrgð einstaklingsins til að hugsa um eigin heilsu ofar öllu og telur að hún sé mælanleg út frá

Campbell skrifar að það sem átt er við með hugtakinu hæfishroka sé oft loðið, en í grunninn sé það skilgreining á því hugarfari að líta niður á fatlaða einstaklinga og að skilgreina fatlaða líkama sem frávik frá hinu „eðlilega“. Hægt er að tengja hugtakið orðum sem hafa haslað sér frekari völl eins og kvenhatur og kynþáttafordómar.

⁷⁵ Er þessi kristni vinkill í upphafningu hins granna líkama nokkuð sem fræðimenn á borð við Dr. Sabrinu Strings hafa skoðað sem hluta af hvernig núverandi samfélagsviðhorf gagnvart jaðarsettum líkómum urðu til, og er áhugavert að kristin trúarbrögð leika stóran hlut í *Hvalnum*. Sabrina Strings, *Fearing the Black Body, The Racial Origins of Fatphobia*, New York: New York University Press, 2019, bls. 198.

⁷⁶ Virginia Sole-Smith, *Fat Talk*, bls. 41.

⁷⁷ Tessa Charlsworth og Mahzarin Banaji, „Research. How Americans’ Biases Are Changing (or Not) Over Time“, *Harvard Business Review*, 17. september 2021, sótt 2. febrúar 2024 af <https://hbr.org/2019/08/research-on-many-issues-americans-biases-are-decreasing>.

⁷⁸ Virginia Sole-Smith, *Fat Talk*, bls. 42.

⁷⁹ Da’Shaun L. Harrison, *Belly of the Beast*, bls. 14.

líkamlegu útliti. Innan heilsuhyggju fellur að líta niður á það að borða sér til ánægju eða huggunar, að smána fólk fyrir að velja skyndibita fremur en að elda mat frá grunnni (burt séð frá ástæðum fyrir valinu eins og tímaskorti og fátækt), og líta á heilsu og vera sjálfur heilsuhraustur sem siðferðislega skyldu.⁸⁰ Næringarfræðingurinn Carrie Dennet skrifar um upplifun sína af heilsuhyggju:

Ég hef sinnt mörgum kúnum í stærri líkómum (e. *larger bodies*) sem segja mér að þeir vilji líta út fyrir að vera að reyna að grennast eða „verða heilsuhraust“ með því að panta salat á veitingastöðum, fara í ræktina, monta sig af lágu kólesteróli og blóðsykri, jafnvel þó þeir séu að reyna að hætta að taka þátt í fegurðar- og megrunardýrkun samfélagsins og setta sig við eigin feita líkama. Einnig sést það þegar einhver umhyggjutröll (e. *concern trolls*) smána feitan einstakling á samfélagsmiðlum þá segja þeir venjulega eitthvað á þá leið að manneskjan sé ekki heilsuhraust eða muni fá sykursýki. Hæfishroki og heilsuhyggja eru samofin fitufordómum og fitusmánun.⁸¹

Þetta samspil heilsuhyggju og hæfishroka í fitusmánun spilar stórt hlutverk í því hvernig komið er fram við feitt fólk.⁸² Hugrenningartengslin sem sköpuð hafa verið milli orðanna „fita“ og „heilsa“ eru lífseig. Rithöfundurinn Aubrey Gordon fjallar meðal annars um þessi tengsl í bókinni *What We Don't Talk About When We Talk About Fat*. Gordon nefnir að megináhrifavaldar á trú fólks, að fita sé tákni um óheilbrigði og það að vera mjór tákni heilbrigði, séu samþætt áhrif langrar sögu fitufordóma á Vesturlöndum og kapítalisma, sem græðir á að selja fólk megrunarkúra.⁸³ Michael Hobbes fjallar einnig um viðfangsefnið í greininni „Allt sem þú veist um offitu er rangt,“ frá árinu 2018 og færir rök fyrir því að vitað sé að heilsa og þyngd tengist ekki beint.⁸⁴ Félagsfræðingurinn Abigail Saguy skilgreinir heilsuhyggju (e. *healthism*) sem „þá siðferðislegu skyldu að vera heilbrigður og sækjast eftir heilbrigði.“⁸⁵ Þeir sem aðhyllast heilsuhyggju

⁸⁰ Carrie Dennet, „The intersections of diet culture, ableism, healthism and anti-fatness“, *nutritionbycarrie.com*, sótt 15. júlí 2023 af <https://nutritionbycarrie.com/2022/09/diet-culture-ableism.html>.

⁸¹ Sama heimild.

⁸² Fiona Kumari Campbell, *Contours of Ableism. The Production of Disability and Aabledness*, UK: Palgrave MacMillan, 2009, bls. 20.

⁸³ Aubrey Gordon, *What We Don't Talk About When We Talk About Fat*, bls. 16.

⁸⁴ Michael Hobbes, „Everything You Know About Obesity is Wrong“, <https://highline.huffingtonpost.com/articles/en/everything-you-know-about-obesity-is-wrong/>.

⁸⁵ Abigail Saguy, *What's Wrong with Fat*, New York: Oxford University Press, 2013, bls. 4.

eru bæði þeir sem spyrja hvernig heilsa feitra sé og feitt fólk sem tilgreinir fúslega hvaða heilsusamlega lífsstíl það fylgir og telur að það að vera heilsuhraustur „þrátt fyrir“ að vera feitur sé forsenda fyrir því að fólk ætti að sýna því virðingu.⁸⁶ Oft er gert ráð fyrir að feitir einstaklingar séu óheilbrigðir og því sé líf þeirra ekki eftirsóknarvert, án þess að raunveruleg heilsa þeirra sé skoðuð. Þessi hlið fitufræðinnar tengist fötlunarfræði og hæfishroka, þeirri skoðun að það sé neikvætt að vera fatlaður því það sé hamlandi. Fötlunaraðgerðarsinnar hafa lengi haldið því fram að það sé í raun ekki hamlandi að vera fatlaður heldur sé það samfélagið sem hindrar framgang fatlaðra og geri líf þeirra erfitt, ekki þeirra eigin líkamar.⁸⁷ Mjög feitt fólk og aðgerðarsinnar fyrir réttindum feitra taka sama pól í hæðina og benda á að fordómarnir og samfélagslegar hindranir sem feitir mæta, fremur en feiti líkaminn sjálfur, sé meginvandamál þeirra.⁸⁸ Sem dæmi um útilokandi samfélagskerfi hér á landi má nefna þyngdarhamlanir í heilbrigðiskerfinu þar sem mörg sjúkrahús, tæki til greininga og sjúkraflug, salernis- og sturtuadstöður henta ekki mjög feittum einstaklingum.⁸⁹ Virginia Sole-Smith skrifar í *Fat Talk. Parenting in the Age of Diet Culture*: „Feitt fólk á skilið virðingu, öryggi og mannréttindi burtséð frá heilsu þess.“⁹⁰ Það er þó ekki staða feitra einstaklinga í dag að hljóta þau sjálf sögðu mannréttindi, en fjórir af hverjum fimm Bandaríkjamönnum hafa fordóma gegn feittum⁹¹ og þó að líklegra sé nú til dags að sjá módel í bandarískri stærð 14 (*mid-fat*) á forsíðu tískútímarita, er hatrið sem mjög feittum einstaklingum er sýnt enn jafn mikið. Feitu fólki í Bandaríkjunum er oft ekki trúað þegar það segir læknum frá heilsufarsvanda.⁹² Læknar eru ekki undanskildir því að hafa neikvæðar staðalmyndir um feita sjúklinga sína⁹³ heldur

⁸⁶ Gemma Gibson „Health(ism) at every size. The duties of the good fatty“, *Fat Studies* 11:1/2022, bls. 22–35, DOI: 10.1080/21604851.2021.1906526, 2022.

⁸⁷ Freyja Haraldsdóttir, „Being a Disabled Feminist Killjoy in a Feminist Movement“, *The Routledge Handbook of the Politics of the #MeToo movement*, ritstjórar Giti Chandra og Irma Erlingsdóttir, New York: Taylor and Frances Group, 2021, bls. 221–229.

⁸⁸ Talia A. Lewis, „A Working Definition of Ableism, Update 2022“, *talialewis.com*, 1. janúar, 2022, sótt 29. apríl 2023 af <https://www.talialewis.com/blog/working-definition-of-ableism-january-2022-update>.

⁸⁹ Amanda Rún Bjarnadóttir, „Vaxandi vandamál að fólk passi ekki í segulómtæki, sjúkrahús og hjólastóla“, *Ruv.is*, 24. janúar 2024, sótt 5. mars 2024 af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-01-09-vaxandi-vandamal-ad-folk-passi-ekki-i-segulomtaeki-sjukrahum-og-hjolastola-399900>.

⁹⁰ Virginia Sole-Smith, *Fat Talk*, bls. 21.

⁹¹ Sama rit, bls. 38.

⁹² Michael Hobbs „Everything You Know About Obesity is Wrong“.

⁹³ Evette Dionne, *Weightless*, bls. 76,

viðurkenna fúslega í könnunum að vera með mikla fordóma í garð feitra, álíta þá sennilega vera að ljúga, vera óþrifalega, undirförla, heimska og lata.⁹⁴

5. „Komið og skoðið viðundrið“⁹⁵

5.1 Sjálfelska og sjálfshatur

Samkvæmt ríkjandi, vestrænni heimsmynd er gengist við því að fita sé sjálf-sköpuð vegna ofneyslu og leti. Nokkuð viðamiklar rannsóknir hafa sýnt að 74% feitra einstaklinga í Bandaríkjunum hafa upplifað að ókunnugir búist við því versta sökum feitra líkama þeirra.⁹⁶ Sýnir það að ekki er um að ræða smávægilegt, einstaklingsbundið vandamál heldur hluta af kerfisbundnum hugsunarhætti. Ein meginástæða þess að fitufordómar eru jafn ríkjandi og raun ber vitni er að þeir eru byggðir á þeirri hugsun að það sé í lagi að koma illa fram við feitt fólk því það hefur komið sér sjálf í þessa stöðu. Það er, einstaklingurinn er feitur vegna þess að hann leyfir sér að fitna sökum leti, ómennsku og skorts á viljastyrk og hagar sér því ekki á ábyrgan hátt gagnvart líkama sínum og samfélaginu.⁹⁷ Rannsóknir hafa þó sýnt að þrátt fyrir að lengi hafi verið talið að það sé einfalt mál að greinast, og viðhalda grönnum vexti og hver sem er sé fær um það, á það sér ekki stöð í raunveruleikanum.⁹⁸ Síðan 1959 hafa rannsóknir staðfastlega sýnt að 95–98% þeirra sem greinast með því að fara í megrun þyngjast aftur í upprunalega þyngd eða meiri.⁹⁹ Ástæðurnar eru líffræðilegar, en það að missa líkamsþyngd hægir á brennslu, sveltiviðbragð fer í gang í líkamanum og ef viðkomandi vill halda sér undir þeirri þyngd sem líkaminn hefur ákveðið að hann vilji vera í, þarf hann að berjast við hungur á hverjum degi, allt sitt líf.¹⁰⁰ Líkaminn þarf auk þess færri og færri kalóríur til að halda sér grönnum svo einstaklingurinn þarf stöðugt að borða minna og hreyfa sig meira, ætli hann ekki að þyngjast.¹⁰¹ Í stuttu máli hefur enn ekki verið komist að því hvernig á að gera feitt fólk grannt til langtíma.¹⁰² Meira að segja fólk sem hefur undirgengist magaminnkandi megrunaraðgerðir hefur ekki fundið töfralausnina.¹⁰³

⁹⁴ Sama rit, bls. 79.

⁹⁵ Roxane Gay, „The Cruel Spectacle of the Whale“, *nytimes.com*, 10. desember 2022, sótt 13. mars 2023 af <https://www.nytimes.com/2022/12/10/opinion/the-whale-film.html>.

⁹⁶ Aubrey Gordon, *What We Don't Talk About When We Talk About Fat*, bls. 46.

⁹⁷ Sama rit, bls. 46.

⁹⁸ Sama rit, bls. 46.

⁹⁹ Michael Hobbes, „Everything You Know About Obesity is Wrong“.

¹⁰⁰ Sama heimild.

¹⁰¹ Sama heimild.

¹⁰² Aubrey Gordon, *What We Don't Talk About When We Talk About Fat*, bls. 108.

¹⁰³ Daniéla Oliveira Magro, Bruno Geloneze Regis Delfini, Bruna Contini Pareja, Franc-

Aronofsky hefur bent á í viðtölum að markmið hans hafi verið að skapa „heildstæða persónu sem hefur bæði góðar og slæmar hliðar; Charlie [sé] mjög sjálfelskur, en hann sé líka fullur af ást og að leita að fyrirgefningu.“¹⁰⁴ En af hverju telur Aronofsky að Charlie þurfi að biðjast fyrirgefningar? Aubrey Gordon hefur skrifað um góðu og vondu feitabolluna (e. *The good/bad fatty*), og færir rök fyrir því að samfélagið flokki feita einstaklinga í þessa tvo hópa. „Góðar bollur“ eru feitt fólk sem er meðvitað um að feitur líkami þess sé rangur, og að það eigi að vera í stöðugu kapphlaupi við að reyna að greinast til að leiðrétta líkama sinn og falla þannig að gildum samfélagsins. Góðu bollurnar hreyfa sig, borða hollan mat og lítið af honum, klæða sig í fót sem fela líkama þeirra sem mest og láta lítið fyrir sér fara. Þær eru alltaf í megrun og alltaf afsakandi. „Vondar bollur“ eru hins vegar feitt fólk sem tekur pláss í samfélaginu, borðar óhollan eða mikinn mat, hreyfir sig ekki til að greinast og klæðist fötum sem ögra fegurðarstöðlum og óskrifuðum reglum um hvernig feitir eiga að klæða sig.¹⁰⁵ Þetta er fólkíð sem er oft sakað um að vegsama offitu, með því einu að skammast sín ekki fyrir tilvist sína.¹⁰⁶

Samkvæmt kenningum Gordon er Charlie góð og vond bolla á sama tíma, og fellur þar af leiðandi fullkomlega í það mót sem kvikmyndin þarfnast til þess að sýna harmræna tilvist feits einstaklings. Charlie þarf að vera góð bolla til þess að áhorfandinn geti látið sig hann varða. Með því að tala um hversu ógeðslegur hann er og biðjast fyrirgefningar hegðar persónan sér eins og góð bolla. En ef Charlie væri eingöngu góð bolla væri vorkunnarnarratívan sem myndin byggir á ónothæf því ef hann færi í almennilega megrun væri varla mikil saga eftir til að segja þar sem að öll framvindan gengur út á að Charlie borði sig til dauða. Hann er sem sagt sjálfkrafa vond bolla með því að vera veikur fyrir mat, leita í hann sem huggun og skorta viljastyrk til að breyta því.

En hvers vegna er Charlie sjálfelskur að mati Aronofsky? Er það vegna þess að hann er samkynhneigður og yfirgaf fjölskylduna sína, eins og fyrrum kona hans og dóttir gefa í skyn? Ef við gefum okkur að svo sé, hvað er skáldið Hunter þá að segja um innra sjálfshatur Charlies (og hans sjálfs) sem samkynhneigðs

isco Callejas, José Carlos Pareja, „Long-term weight regain after gastric bypass. A 5-year prospective study“, *Obesity Surgery* 18: 6/2008, bls. 648–651, doi: 10.1007/s11695-007-9265-1.

¹⁰⁴ Taylor Henderson, „The Whale Director Defends Putting Brendan Fraser in a Fat Suit“, *out.com*, 15. desember 2022, sótt 9. maí 2023 af <https://www.out.com/film/2022/12/15/whale-director-defends-putting-brendan-fraser-fat-suit>.

¹⁰⁵ Da'Shaun L. Harrison, *Belly of the Beast*, bls. 34.

¹⁰⁶ Aubrey Gordon, *You Just need to Lose Weight*, bls. 109.

manns?¹⁰⁷ Er Charlie sjálfelskur því hann er í sjálfsvígshugleiðingum og þjak-
aður af dauðaprá? Ef það er skoðun leikstjórans er sú hugmynd, að sjálfsvígs-
hugsanir séu sprottnar af sjálfelsku, einkar skaðleg. Fólk sem stytir sér aldur
eða hugleiðir það er í langflestum tilvikum haldið óskaplegu vonleysi og telur
að heimurinn verði betri án þeirra, að það sé að gera ástvinum sínum greiða og
getur ekki ímyndað sér að lifa einn dag enn við þjáninguna sem hrjáir það. Þá
stytta sér einnig margir aldur undir áhrifum, í geðshræringu eða geðrofi, sem
þeir hefðu aldrei gert ef þeim hefði verið sjálfrátt.¹⁰⁸

Lítið er gefið fyrir sorg Charlies sem missti elskhuga sinn, Alan, úr sjálfsvígi í
kjölfar þess að hafa sagt skilið við konu sína og misst sambandið við barnið sitt.
Slík röð áfalla væru skiljanleg ástæða þess að einstaklingur myndi hugsa illa um
sjálfan sig eða leggja stund á sjálfsskaðandi hegðun. Charlie hefur einangrað sig
síðan Alan dó, sem hefur neikvæð áhrif á sálrænt ástand hans. Hann hefur auk
þess ekki leitað sér sálfræðiaðstoðar eða íhugað ný rómantísk sambönd. Hann
reynir ekkert að hafa samband við dóttur sína sökum sjálfshatus vegna eigin
kynhneigðar og aukakílóanna. Liz, mágkona hans og umönnunaraðili, er hörð
við Charlie og einbeitt sér alfarið að líkamlegu ástandi hans. Þar sem Charlie
hefur fitnað í sorgarferlinu er honum ekki leyft að syrgja, heldur er leitast eftir að
„laga“ líkama hans, ekki sálina. Liz virðist þess fullviss að ef Charlie færi á spítala
myndi hagur hans grænka, en gerir sér ekki grein fyrir fordómunum sem svona
feitur maður myndi verða fyrir í heilbrigðiskerfinu, og að það gæti haft slæm
áhrif á sálrænt ástand hans.¹⁰⁹ Liz er einnig gjörn á að segja niðrandi brandara
um feita, eins og þegar hún kemur með hjólastól handa honum sem hún kallar
„feitabolluhjólastól“ og gerir svo bíb-hljóð til að líkja eftir stórum bíl að bakka
þegar Charlie bakkar í stólnum.

Í greininni „The Whale is Not a Masterpiece“, skrifar rithöfundurinn Lindy
West eftirfarandi orð:

Fólk bregst á jákvæðan hátt við *Hvalnum* því hún staðfestir hugsana-
villuna um hvernig feitt fólk er í raun og veru (ógeðslegt og sorglegt),
og hvers vegna það eru feitt (áföll, ofát). Áhorfendum finnst þeir þá
æðri hinum feitu, en telja sér um leið trú um að þeir séu velviljaðir í

¹⁰⁷ Shelly R. Munt, *Queer Attachments. The Cultural Politics of Shame*, London og New York: Routledge, 2016.

¹⁰⁸ Jane Kilby, „Carved in Skin. Bearing Witness to Self Harm“, *Thinking Through The Skin*, ritstjórar Sara Ahmed og Jackie Stacey, London og New York: Routledge, 2001, bls. 126.

¹⁰⁹ Michael Hobbes, „Everything You Know About Obesity is Wrong“.

garð feitra. Þetta raungerir stöðu grannra á toppi félagslega valdapírámíðans.¹¹⁰

Orð West tengjast staðreyndavillum og staðfestingarhlutdrægni í viðtökum kvikmynda, bóka og dægurmenningar sem ég kalla „Green Book“ áhrifin eftir samnefndri Óskarsverðlaunamynd frá 2018, sem er helst minnst fyrir lítt eftirminnilegan söguþráð og persónu Viggo Mortensen¹¹¹ að kenna svörtu fólki í suðurríkjum Bandaríkjanna að meta eigin menningu. Green Book áhrifin eru það þegar hópur í valdastöðu skapar verk um jaðarsettan hóp, eða einstakling og veitir aðilum eða hópi í valdastöðu tólin til að hjálpa eða kenna hinum jaðarsettu að ná markmiðum sínu og betra sig. Þetta er oft gert með því að láta aðalpersónu verksins tilheyra valdahóp og láta hana segja sögu jaðarsetts hóps eða einstaklings af jaðarsettum hópi út frá sinni sýn. Þessi aðferð getur skilað mjög brenglaðri og einsleitri sýn á jaðarhópin sem er tekinn fyrir í verkinu sérstaklega þegar enginn úr honum kemur að sköpun verksins og frásagnarfléttan reidir sig á staðalmyndir. Þessi verk uppskera oft lof gagnrýnenda og viðtakenda sem tilheyra valdahópnum sem býr myndina til.¹¹² Þá gagnrýna jaðarhópar oft verkið en lítið er hlustað á þá. Roxane Gay skrifar að hún voni að áhorfendur sem sjái *Hvalinn*, hafi nægt menningarlæsi og samkennd til að horfa á myndina og átta sig á því að það sem sýnt er á skjánum sé ekki raunsæ mynd af því hvernig það er að lifa lífinu sem feitur einstaklingur, heldur upphafning á ríkjandi valdakerfi.¹¹³ Myndin ætti að sýna okkur Charlie sem fullmótaða persónu og veita sorg hans skilning, syrgja með honum, halda með honum og vona að hann nái sér á strik. En það er engan veginn það sem sýnt er á skjánum. Flestir áhorfendur munu eingöngu sjá Charlie, 272 kílóa mann, fastan í líkama sem hann skapaði sjálfur með því að neita að hugsa um sjálfan sig og borða. Ógeðið sem aðstandendur myndarinnar hafa á Charlie er stanslaust, óumflýjanlegt og í öllum senum. Birt-

¹¹⁰ Lindy West, „The Whale is Not a Masterpiece, it’s a joyless, harmful fantasy of fat squalor“, *theguardian.com*, 10. mars 2023, sótt 4. febrúar 2024 af <https://www.theguardian.com/film/2023/mar/10/lindy-west-on-the-whale>.

¹¹¹ Mortensen komst líka í smá hámmæli fyrir að nota niðrandi rasísk orð í viðtölum, en við förum kannski í ferðalag um þá sögu síðar meir.

¹¹² Sem dæmi um myndir sem hafa uppskorið þessar viðtökur má nefna *The Green Book* (2018), *I am Sam* (2001), *Dallas Buyers Club* (2013), *The Danish Girl* (2015), *Aloha* (2015), *The Last Emperor* (1987), *Ghandi* (1982), *The Help* (2011), *Hidden Figures* (2016), *Crash* (2004), *The Blind Side* (2009), *Mississippi Burning* (1988), *Dangerous Minds* (1995), *A Mighty Heart* (2007) og *Gran Torino* (2008).

¹¹³ Roxane Gay, „The Cruel Spectacle of the Whale“, *nytimes.com*, 10. desember 2022, sótt 13. mars 2023 af <https://www.nytimes.com/2022/12/10/opinion/the-whale-film.html>.

ingarmynd hans ýtir undir staðalmyndir um feita, og það eina sem hann fær að gera sem á að lesast sem uppreisn æru er að ganga án hjálpartækja með þeim afleiðingum að hann deyr. Það er bæði mjög hlaðið hæfishroka og gerir líf Charlies að einhverju sem má kasta á glæ.¹¹⁴

5.2 Sölugildi kvikmyndastjarna og velmeinandi öðrun

Frægðarstjarna Brendans Fraser skein skært upp úr 2000, en hann hvarf svo að miklu leyti af sjónarsviðinu. Síðar sagði Fraser frá því að hann hafi verið kynferðislega áreititur af valdamiklum manni í Hollywood árið 2003, og það, auk mikils álags í vinnunni, leiddi til heilsufarsvanda sem hann glímdi við næstu sjö árin.¹¹⁵ Haft hefur verið eftir Aronofsky að Fraser sé rétti maðurinn til að leika hlutverk Charlies í *Hvalnum*.¹¹⁶ Þar hittir leikstjórinn naglann á höfuðið – en ekki vegna þess hve vel Fraser fangar raunveruleika feits, samkynhneigðs manns, heldur vegna gríðarlegra vinsælda leikarans og hálfgerðrar endurkomu hans til Hollywood. Fraser dregur fólk í kvikmyndahús. Kvikmynda- og fjölmiðlasagnfræðingurinn Chris Yogerst segir leikarann svo dáðan að fólk hafi saknað hans, og líði eins og gamall vinur sé snúinn aftur á skjáinn.¹¹⁷ Roxane Gay tekur undir orð Yogerst og segir meðal annars í grein sinni um myndina að jafnvel þótt hún hati fitugervi hafi hún ákveðið að gefa myndinni séns því Fraser var í henni.¹¹⁸

Þó Fraser hafi tekið að sér smærri hlutverk á árunum 2003–2021 var það þó ekki fyrr en *Hvalurinn* kom út sem að hann hlaut mikla almenna athygli í fyrsta sinn í langan tíma. Í viðtölum er leikarinn mjög viðkunnanlegur. Hann segir að hann hafi lært mikið af því að leika Charlie, og að feitt fólk sé „sterkara en hann hefði grunað.“¹¹⁹ Feitir aðgerðarsinnar hafa bent á að orðræða sem þessi

¹¹⁴ Sama heimild.

¹¹⁵ Natalise Issa, „At this years Oscar’s Brendan Fraser made a tearful comeback. Here is a look at his career“, *deseret.com*, 13. mars 2023, sótt 23. apríl 2023 af <https://www.deseret.com/entertainment/2023/3/13/23637930/what-happened-to-brendan-fraser>.

¹¹⁶ Abby White, „Criticism on Fat Suit“, *hollywoodreporter.com*, 13. júlí 2023, sótt 4. ágúst 2023 af <https://www.hollywoodreporter.com/movies/movie-news/darren-aronofsky-the-whale-fat-suit-criticism-1235280523>.

¹¹⁷ Jaclyn Diaz, „Why Brendan Fraser’s Hollywood Comeback Story is both heartwarming and raising ire“, *npr.com*, 6. september 2022, sótt 23. apríl 2023 af <https://www.npr.org/2022/09/06/1121122595/brendan-frasers-controversial-hollywood-comeback-story>.

¹¹⁸ Roxane Gay, „The Cruel Spectacle of the Whale“, *nytimes.com*, 10. desember 2022, sótt 13. mars 2024 af <https://www.nytimes.com/2022/12/10/opinion/the-whale-film.html>.

¹¹⁹ Nadia Khomami, „Brendan Fraser. Role taught me severely obese people are ‘incredibly strong’“, *theguardian.com*, 4. september 2022, sótt 3. mars 2024 af <https://www.theguardian.com/film/2022/sep/04/brendan-fraser-role-taught-me-severely-obese-people-are-incredibly-strong#:~:text=1%20year%20old-,Brendan%20Fraser%3A%20role%20>

sé í anda þess að nota hæfishrokaugtök um fatlaða í stað þess að líta á fólk sem manneskjur en ekki hetjur sem geta gert hversdagslega hluti þrátt fyrir fötlun sína. Um fitubúninginn og hlutverkið segir Fraser: „Það er mikilvægt að segja þessa sögu því það er fólk sem lifir með þessum sjúkdómi. Mér finnst valdeflandi að vera rödd þeirra og að vera eins hreinskilinn og raunverulegur og ég gat í hlutverkinu.“¹²⁰ Með orðum sínum sjúkdómsergeri Fraser fitu og mjög feitt fólk, en sumir aðgerðarsinnar telja að sjúkdómsvæðing fitu hafi neikvæð áhrif á feitt fólk því þá sé ekki verið að skapa pláss fyrir þá sem eru feitir að eðlisfari og ekkert ami að. Aðrir líta svo á að sjúkdómsvæðing fitu muni auka samúð samfélagsins gagnvart feitu fólki. Hvort sem slíkt gerir það eða ekki er þó víst að á meðan fita er sjúkdómsvædd verður leitast við að grenna alla sem eru feitir, í nafni heilsunnar. Í fyrrnefndu viðtali ræðir Fraser áfram um persónusköpunina og segir „sko, mín eigin þyngd hefur verið uppi um alla veggi. Ég fitnaði til að leika þetta hlutverk og það var ekki nóg. Svo ég þurfti að klæða mig í gervið, og þetta tvennt virkaði saman.“¹²¹

Ljóst er að Fraser meinar vel, en sér ekki að ásetningurinn einn og sér dugir skammt. Breski leikarinn Eddie Redmaine var í svipaðri stöðu og Fraser, og brást við á sama hátt þegar hann, sem er sís karlmaður, sætti gagnrýni fyrir að leika trans konu í *The Danish Girl* frá 2015. Hann notaði eingöngu orð sem hann vissi að myndi ekki særa og virtist raunverulega bera hag trans fólks fyrir brjósti en gat ekki skilið hvers vegna það var ekki hans, sem sískynja karlmanns, að leika trans konu. Það berast stöðugt fleiri gagnrýnar raddir þegar fólk sem tilheyrir ekki minnihlutahópum fær hlutverk minnihlutahópa, en þó er alltaf nokkuð stór hópur sem sér ekkert athugavert við það, og telur óþarfa viðkvæmni vera að skemma fyrir öllum. Þetta fólk lítur þá ekki endilega á afmennskunina sem fylgir stöðugri notkun staðalmynda í dægurmenningu sem staðreynd eða vandamál, heldur vinnur með staðreyndavillur (e. *confirmation bias*) sem það telur gildan sannleika. Vert er að geta þess að fólk sem tilheyrir minnihlutahóp getur jafnt verið með staðreyndavillur og fordóma gegn eigin minnihlutahóp og þeir sem ekki tilheyra honum – við ölumst öll upp við¹²² sama dægurumhverfi þar sem

taught%20me,obese%20people%20are%20%27incredibly%20strong%27&text=-The%20actor%20Brendan%20Fraser%20has,people%20C%20both%20mentally%20and%20physically.

¹²⁰ Ramin Setoodeh, „Brendan Fraser and Adam Sandler’s Epic Airheads Reunion. You Made me Cry A Lot You’re My Buddy“, *variety.com*, desember 2022, sótt 15. október 2023 af <https://variety.com/2022/film/features/brendan-fraser-adam-sandler-airheads-reunion-the-whale-hustle-1235450739>.

¹²¹ Sama heimild.

¹²² Þetta er skrifað út frá vestrænu sjónarhorni, og átt er við fólk sem elst upp í því umhverfi,

hvítt valdakerfi er ríkjandi, og þeir sem verða fyrir mestum persónulega skaða af slíkum staðalmyndum eru ekki undanskildir áhrifum þeirra.¹²³ Hvernig sem á það er litið ráða hin félagslega viðurkenndu viðhorf valdakerfisins öllu um fegurðarskilgreiningu okkar þegar upp er staðið.

Leikarinn Guy Branum, sem er bæði samkynhneigður og feitur, segir að honum finnist mjög slæmt að ráðinn hafi verið gagnkynhneigður leikari sem notar fitugervi til að leika Charlie: „Ég held að það geri fólki kleift að tala um persónuna sem hlut á hátt sem væri ekki mögulegur ef það væri raunveruleg feit manneskja á settinu sem framleiðendur þyrftu að horfast í augu við.“¹²⁴ Hann telur að það að gera heilt verk um einstakling sem tilheyrir viðkvæmum minnihlutahóp án þess að hafa neinn sem tilheyrir minnihlutahópnum á svæðinu bjóði upp á hegðun, orðanotkun og að lokum kvikmynd sem getur sært og viðhaldið staðalmyndum um þann hóp. Þá þurfa leikstjóri og teymið sem vinnur að myndinni ekki að hugsa um raunverulegar tilfinningar raunverulegs fólks, heldur eingöngu um skáldaðar tilfinningar viðfangs verksins án þess að hugsa um raunveruleg áhrif á fólk í raunheimum.¹²⁵ Þó Branum hafi vissulega eitthvað til síns máls er varhugavert að ætla að setja ábyrgð á framleiðslu heillar Hollywoodmyndar á axlir jaðarsettra einstaklinga sem væru ráðnir til að leika í og eða sinna störfum bak við tjöldin á setti. Eins og fram hefur komið geta feitir einstaklingar rétt eins og aðrir verið með fordóma fyrir feitum (e. *internalized fatphobia*) og jafnvel þótt þeir séu baráttufólk fyrir eigin réttindum er ekki víst að raddir þeirra væru teknar gildar í framleiðsluferlinu. Eins og Branum segir væri jákvæð þróun að bjóða jaðarsettum hópum aukin tækifæri til að hafa áhrif á hvaða sögur eru sagðar um þeirra samfélagshóp en þó er varhugavert að varpa allri ábyrgð á staka jaðarsetta einstaklinga.

Aronofsky segir um það að ráða Fraser í aðalhlutverkið: „Fólk með offitu¹²⁶ er venjulega sýnt sem vondir karlar eða brandari, við vildum skapa fullmótaða

sem er þó ósköp ríkjandi víða um heim sökum víðferðmra dæguráhrifa Bandaríkjanna og Hollywood, auk þess sem nýlenduhyggið litar mörg lönd utan hins „vestræna“ heims.

¹²³ Aubrey Gordon, *You just need to lose weight*, bls. 163.

¹²⁴ Bernardo Sim „Guy Branum Calls Out *The Whale's* Problematic Source Material and casting“, *pride.com*, 30. september 2022, sótt 17. mars 2023 af <https://www.pride.com/gay-movies/guy-branum-criticism-the-whale-casting-brendan-fraser>.

¹²⁵ Sama heimild.

¹²⁶ Nefna má að feitir aktívistar hafna hugtakinu „obesity“ (offita) sem leið til að tala um feita, en orðið er komið af gríska orðinu *obesus* – að borða sig feitan – og var fyrst notað svo vítað sé, til að ræða holdafar feitra í Englandi árið 1620 af breska læknum Tobias Venner sem kvartaði yfir aukinni þyngd landa sinna. Sabrina Strings, *Fearing the Black Body*, bls. 56–57.

persónu sem hefur bæði góðar og slæmar hliðar. Þessi kvikmynd er æfing í samkennd.¹²⁷ Roxane Gay skrifar um upplifun sína af því að sjá *Hvalinn* í bíó:

Ég grét mestalla myndina og ég heyrði aðra áhorfendur gráta líka, þó mig gruni að við höfum öll verið að gráta af mismunandi ástæðum. Það var sársaukafullt að verða vitni að fráfalli Charlies, að því hvernig honum var lýst, að hversu fullkomið hirðuleysi einkenndi það hvernig persónan var skrifuð og leikstýrt. Það var morgunljóst að herra Hunter og herra Aronofsky líta á það að vera feitur sem mesta misbrest mannskepnunnar, eitthvað ógeðslegt, sem ætti að forðast hvað sem það kostar.¹²⁸

Á orðum hennar sést að manneskja sem lifir lífinu í líkama sem svipar til Charlies lítur alls ekki á myndina sem æfingu í samkennd¹²⁹ heldur sem niðrandi og einhliða staðalmynd byggða á fáfræði og skorti á rannsóknum.

Lokaorð

Hvort sem fitugervi er notað eða ekki er mynd eins og *Hvalurinn* aldrei jákvæð birtingarmynd feitra. Vissulega eykur það afmennskun feitra að eyða háum fjárhæðum og löngum tíma í að skapa hverja einustu fellingu sem fólk ímyndar sér að hrúgist utan á einstaklinga sem borða of mikið og fara ekki út úr húsi. Titill leikritsins, *Hvalurinn*, er áhugaverður því það þykir niðrandi að kalla feitt fólk hvali.¹³⁰ Eftir að kvikmyndin kom út stígu ýmsir feitir aktívistar fram og deildu

¹²⁷ Taylor Henderson, „The Whale Director Defends Putting Brendan Fraser in a Fat Suit“, *out.com*, 15. desember 2022, sótt 9. júní 2023 af <https://www.out.com/film/2022/12/15/whale-director-defends-putting-brendan-fraser-fat-suit>.

¹²⁸ Roxane Gay, „The Cruel Spectacle of the Whale“, *nytimes.com*, 10. desember 2022, sótt 13. mars 2023 af <https://www.nytimes.com/2022/12/10/opinion/the-whale-film.html>.

¹²⁹ Abby White, „Criticism on Fat Suit“, *hollywoodreporter.com*, 2022, sótt 21. janúar 2024 af <https://www.hollywoodreporter.com/movies/movie-news/darren-aronofsky-the-whale-fat-suit-criticism-1235280523/>.

¹³⁰ Áhrifavaldurinn Jordan Underwood hefur talað um reynslu sína af því að vera kallað hvalur og líkt við aðalpersónu myndarinnar, til að mynda í Instagram pósti frá 23. desember 2022, þar sem hán klippir myndir af ummælum þar sem hán er kallað hvalur inn á mynd af sjálfu sér. Undir myndina skrifar hán: „Tilvísunarmynd fyrir alla þá sem halda því fram að Hvalurinn sé ekki notaður til að vísa í stærð aðalpersónunnar, eða að myndin sé ekki saga um fitu. Þetta eru ummæli sem hafa verið sett við vídeó af mér að ræða Hvalinn, sem og ótengd vídeó á síðustu mánuðum.“ Á myndinni sjást 28 ummæli, meðal annars „Free Willy“, „[g]ott að sjá sjávarlífverur í sínu náttúrulega umhverfi“, „[s] á hvalinn“, „[h]valur á þurru landi“, „[v]ið þurfum eitthvað til að stoppa svona hvali í að

með almenningi fjölda skilaboða á samfélagsmiðlum þar sem þau eru kölluð hvalir til að smána þau. Titillinn sýnir sinnuleysi gagnvart sögu og tilfinningum feitra. Hunter reynir vissulega að vefa skáldsöguna *Moby Dick* inn í fléttu verksins með því að láta Charlie lesa ritgerð um bókina nokkrum sinnum, en það að líkja feiturum manni í sorgarferli eftir ástvinamissi við risavaxinn ofurhval¹³¹ má lesa sem niðrandi. Ef verkið einbeitti sér minna að líkamshryllingi væri hægt að skoða líkindi milli lífshlaups feitra (*Moby Dick*) og ofstækis fegurðardýrkunar og andfitustefnu samfélagsins (Ahab kapteinn) og tilgangslausan eltingarleik kapitalisma við jaðarsetta hópa og hefði það hugsanlega verið ferskari sýn á málefnið.

Þótt feitur leikari eins og Chrissy Metz eða Darlene Cates hefði leikið hlutverkið lagar það ekki þá staðreynd að Charlie er ekki sýnd nein virðing. Leikstjóri, leikari og handritshöfundur segjast hafa nálgast efnið af nærgætni og virðingu en kvikmyndin er þó alveg jafn niðrandi og afmennskandi og sjónvarpsþáttur á borð við *Líf mitt við þrjúhundruð kíló*. Strax í upphafssenu myndarinnar stundar Charlie sjálfsfróun og horfir á klám, löðrandi í svita og svo móður að óvíst er hvort hann muni lifa gjörðina af. Þegar hámarki myndarinnar er náð dettur Charlie í átkast þar sem hann borðar tvær stórar pizzur og gengur svo berserks-gang í eigin eldhúsi og borðar allt sem hann sér á fáránlega yfiringilegan hátt. Til dæmis drekkur hann sultu beint úr krukku, áður en hann kastar upp yfir sjálfan sig og fer að gráta.¹³² Í beinu framhaldi öskrar Charlie svo á trúboðann Thomas lýsingu á öllu því sem hann telur viðbjóðslegt við líkama sinn og að hann voni að það sé ekki líf eftir dauðann því þá myndi ástin hans, Alan, sjá hvernig komið er fyrir honum. Charlie segir:

Ég vona að Guð sé ekki til því ég hata þá tilhugsun að það sé líf eftir dauðann og Alan geti séð hvað ég hef gert sjálfum mér. Að hann geti séð bólgnu fæturna á mér og sárin á húðinni á mér og myglublettina á milli fellinganna og sýkta sárið á rassinum á mér og fituna á bakinu sem varð brún í fyrra. Þetta er ógeð. Ég er ógeð.¹³³

skolast á land“, „[e]r þetta hvalur?“ „Ég elska hvalavideo“ og „þú lítur út eins og aðalpersónan „[í *Hvalnum*]“, Jordan Underwood, *Instagram*, 23. desember, sótt 10. maí 2023 af <https://www.instagram.com/p/Cmhv1FEuhH5/>.

¹³¹ Herman Melville, *Moby Dick*, Black and White Classics, 1851 Edition: Garden City, New York, 2014.

¹³² Darren Aronofsky, *The Whale*, 01.31.00.

¹³³ Sama heimild, 1: 01.36.20.

Þeir sem skrifa myndina ímynda sér að maður í líkama eins og Charlie myndi hata sjálfan sig svo mikið að hann vildi frekar að ástin í lífi hans rotni í gröf fremur en að sitja við hlið Guðs í Paradís, ef það þýddi að hann gæti séð ástand Charlie. Það eru margar ágætar ástæður fyrir því að trúa ekki á himnaríki, en þessi er bæði sjálfelsk og hlaðin fitufordómum. Vandamálið við þessa kvikmynd er ekki hvernig Charlie lítur út eða hvað hann gerir í eigin líkama, vandamálið er að þeir sem gerðu myndina geta ekki dulið andúd sína á Charlie og nautnina sem þeir fá út úr því að pína hann á skjánum. Hvernig Charlie er skrifaður og sýndur er til þess fallið að vekja upp viðbjóð hjá áhorfendum. Markmiðið í þessu tilfelli er ekki að vekja fólk til umhugsunar heldur að láta það glápa á eynd annarra eins og það sé í sirkus. Einnig er vert að spyrja sig hverjir það eru sem fá tekjurnar fyrir verkið, bæði bókstaflega en einnig með hliðsjón af menningarauðmagni, þar sem verið er að nota feitan líkama sem sjónarspil án þess að neinn feitur hafi sitt að segja um málið. Listamenn mega, og geta, sagt allar þær sögur sem þeir vilja, en það þýðir ekki að það geti ekki leitt til gagnrýni og reiði. *Hvalurinn* er gott dæmi um loðin mörk frelsis listamanna til sköpunar og ábyrgð þeirra er þeir valda samfélagslegum skaða. Í samfélagi eins og því sem við lifum í í dag skilar kvikmynd eins og *Hvalurinn* engu nema því að staðfesta ríkjandi gildismat á fegurð og afmennskun feitra einstaklinga.

ÚTDRÁTTUR

Birtingarmynd feits, samkynhneigðs, hvíts, sískynja karlmanns er skoðuð með hliðsjón af kenningum um samfélagsleg áhrif þess að vera feitur, samtvinnun mismunabreyta og hvernig samfélagslegar staðalmyndir um feita birtast í kvikmyndinni *Hvalurinn* og samnefndu leikriti, og hvort þeim sé viðhaldið eða reynt sé að sporna við þeim. Velt er upp spurningunni um hvort hver sem er megi segja hvað sögu sem er, og hvert er listrænt og menningarlegt gildi *Hvalsins* sé raun.

Lykilorð: *Hvalurinn* (*The Whale*), fitusmánun, jaðarsettir hópar, líkamsvirðing, hinseginleiki

ABSTRACT

**“I know I’m Disgusting”– Artistic and cultural significance
of *The Whale* and it’s social relevance in discourse on fat bodies.**

The representation of a fat, gay, white cis man is explored in relation to theories on the social effect of fatness, intersectionality and how stereotypes about fat bodies are presented in the film *The Whale*, and the eponymous play it is based on. Is the film trying to break the mold or is it leaning into old tropes, can anyone tell anyone’s story, and what is the real artistic and cultural value of the film?

Keywords: *The Whale*, anti-fat bias, marginalized groups, body positivity, queerness

SJÖFN ASARE

Doktorsnemi í almenntri bókmenntafræði við Háskóla Íslands

sjh13@hi.is